

Grunnskóli Hólmaravíkur

Málningarvinna innanhúss

0.1 Útboðslýsing

Óskað er eftir tilboði í málningarvinnu innanhúss, vegna Grunnskóla Hólmaravíkur. Útboðið nær til vegg, loft og gólfplata.

0.2 Almenn verklýsing

Verktaki skal tryggja með rétttri undirvinnu að viðloðun við flöt sem á að mála sé tryggð og ganga úr skugga um að viðloðun milli mismunandi efna sé jafnframt tryggð.

Verktaki skal nota heildstætt málningarkerfi til málunar frá sama málningarframleiðanda og skal málningarkerfið vera ætlað til notkunar við þær aðstæður sem skilgreind er í magnskrá.

Litaval skal ákveðið í samráði við verkkaupa, áður en málun hefst.

Verktaki skal þrifa eftir sig jafnóðum allt rusl og málningaflögur og er það innifalið í verði verkliða.

Verkið skal unnið samkvæmt teikningum eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér þær áður en verk hefst og skilji að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki verkkaupa.

Málun skal vinna samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og góðum og faglegum vinnubrögðum og í samræmi við staðla. Loftraki í því húsnæði þar sem málun fer fram skal vera minni en 60% í a.m.k. 10 daga áður en málningarvinna hefst. Rakastig í steypu skal ekki vera hærra en 1,7% (af þunga) og rakastig í múr skal ekki vera hærra en 2%. Um efni og lit sjá nánar í efnis- og litaskrá ef hún liggur fyrir, ef ekki, ákveður verkkaupi nánar efni og lit. Verktaki skal gera prufu af litum og áferð. Þar sem raki getur komist að, svo sem í og við glugga skal nota lakkspartl ef spartla þarf.

Áður en málun hefst, skal hreinsa allt sem mála á af efnum sem skaðleg eru málningu svo sem ryð, feiti eða önnur óhreinindi.

Bent skal á að helstu framleiðendur málningar hafa gefið út leiðbeinandi bæklinga varðandi vöru sína, og eru verktakar hvattir til að kynna sér þær. Við alla málningarvinnu skal fara eftir leiðbeiningum framleiðenda málningarinnar um undirbúning og framkvæmd, þó þannig að ef forskrift framleiðenda málningarinnar stangast á í einhverju á við verklýsingar þessar, skal verktaki strax láta verkkaupa vita af því og ákveður hann þá hvað skuli gilda. Meðalþykkt þurrefnisfilmu skal vera a.m.k. 30 mý. í hverri umferð, nema annað komi fram í lýsingu fyrir viðkomandi lið. Vanti uppá verklýsingar, skal nota viðurkennd efni og tæki sem verkkaupi samþykkir.

Verktaki ber ábyrgð á að málningu, fylliefni eða upplausnum sé ekki hellt í frárennslislagnir hússins, heldur eytt á eyðingarstöð.

Verktaki skal ganga vel um og verja umhverfi og taka tillit til notenda húsnæðisins.

Áður en húsnæðinu er skilað, skal verktaki yfirfara það og gera við skemmdir, sem kunna að hafa orðið á verktímanum.

0.3 MAGN

A. Veggflötur í eldri hluta: Anddyri og tvær stofur við inngang í eldri hluta skólans, auk salerna og tengigangs.

Heildar fermetrarfjöldi A: 482 m²

B. Veggflötur yngri hluta:

jarðhæð: 554 m²

kjallari: 470 m²

Heildar fermetrarfjöldi B: 1024 m²

Heildar fermetrafjöldi A og B: 1506 m²

A. Gólfliötur í eldri hluta: 155 m²

B. Gólfliötur í yngri hluta: 540 m²

Heildar fermetrafjöldi C og D: 695 m²

Magnskilgreiningar: Nota skal eftirfarandi aðferðir til útreikninga á magneiningum í meðfylgjandi verklýsingum.

Magntala flata eru nettó fermetrar (m²), og er miðað við að op stærri en 1,0 m² séu dregin frá. Kantar og gólflistar, magntakast sem fletir, lágmarksbreidd er 20 cm.

Vakin er athygli á því að magntölur einstakra verkþátta liggja ekki fyrir. Heildar magntölur geta breyst.

1.0 Málningarvinna innanhúss

1.1

Nýmálun steyptra gólfa

- Undirlag verður að vera hreint, þurr og ryklaust. Nýsteypt gólf þurfa að vera gegnumhórðnuð og sementsshúðin slípuð af áður en málað er
- Grunna á með þynnri gólfmálningu.
- Mála tvær umferðir með gólfmálningu.

1.2

Endurmálun steyptra gólfa

- Hreinsa flötinn af öllum mögulegum óhreinindum, þ. m. t. ryki, með sópun eða vatnsskolun. Undirlag verður að vera hreint, þurr og ryklaust.
- Á beran steinflöt skal grunna með með þynnri gólfmálningu.
- Grunna á með þynnri gólfmálningu.
- Mála tvær umferðir með gólfmálningu.

1.3

Sandspörtlun nýrra steyptra flata

- Spartla í sprungur og skemmdir og slípa niður. Matta yfirborð flatarins. Rykhreinsa flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
- Heilspartla flötinn a.m.k. tvisvar og þússa að spörtlun lokinni.

1.4

Nýmálun steyptra flata

- Spartla í sprungur og skemmdir og slípa niður og matta yfirborð flatarins. Rykhreinsa flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
- Heilgrunna flötinn.
- Mála tvær umferðir af akrýlmálningu, gljástig 7% - 30%.

1.5

Endurmálun steyptra flata

- Hreinsa óhreinindi af fletinum með viðeigandi hreinsiefnum eftir gerð óhreininda. Gæta skal þess að hreinsiefni komi ekki í veg fyrir viðloðun málningar. Skafa burtu lausa málningu og los í yfirborði.
- Spartla í sprungur og skemmdir og slípa niður og matta yfirborð flatarins. Rykhreinsa flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
- Grunna og blettmála síðan viðgerðir og beran stein.
- Mála tvær umferðir af akrýlmálningu, gljástig 7% - 30%.

1.6

Nýmálun gipsplötu flata

- Hreinsa öll óhreinindi á fletinum.
- Spartla í samskeyti platna með grisjuborða. Einnig spartla í mögulegar skemmdir og önnur skrufugöt. Slípa niður spartlið. Endurtaka spörtlunina eins oft og þörf krefur til að tryggja heil og slétt samskeyti og sléttan flöt umhverfis skemmdirnar.
- Rykhreinsa flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
- Blettgrunna viðgerðir með vatnsþynnanlegum grunni.
- Fullmála með plastmálningu minnst tvær umferðir, gljástig 7% - 30%.

1.7

Endurmálun gipsplötu flata

- Hreinsa öll óhreinindi og fitu af veggfletinum með viðeigandi hreinsiefnum eftir gerð óhreininda. Gæta skal þess að hreinsiefni komi ekki í veg fyrir viðloðun málningar.
- Skafa upp skemmdir í málningu og yfirborði.
- Spartlað í skemmdir og samskeyti. Endurtaka spörtlunina eins oft og þörf krefur til að tryggja heil og slétt samskeyti og sléttan flöt umhverfis skemmdirnar.
- Rykhreinsa flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
- Blettgrunna viðgerðir með vatnsþynnanlegum grunni.
- Fullmála með plastmálningu minnst tvær umferðir, gljástig 7% - 30%.

1.8

Nýmála viðar inni

- Slípa yfirborð með sandpappír, og hreinsa yfirborð af ryki og óhreinindum.
- Gera við skemmdir í viðnum með til þess gerðu viðgerðarefni / spartli og slípa niður.
- Grunna eina umferð með olíugrunni eða sambærilegum grunni.
- Mála 2 umferðir með þekjandi málningu.

1.9

Endurmálun viðar inni

- Viðgerð eftir þörfum slípa og spartla með föstu spartlefni sem ekki rýrnar.
- Blettgrunna yfir viðgerðir.
- Grunna eina umferð með olíugrunni eða sambærilegum.
- Mála 2 umferðir með þekjandi málningu.